

Til bæjarráðs

Efni: Svör við fyrirspurnum bæjarfulltrúa Maríu Grétarsdóttur.

Spurning:

Einnig væri gott að fá upplýsingar um frávík greiðslna sem tengjast útboðum þessara aðila sem og meðferð slíkra mála þ.e. hvernig reikningar umfram útboðsfjárhæðir eru samþykktir.

Svar:

Í þeim tilvikum sem fram fer útboð vegna framkvæmda eða tiltekinna verkefna er gerður samningur þar sem samningsfjárhæð er tilgreind miðað við ákveðnar forsendur. Á samningstíma getur verkefnið tekið breytingum vegna breytinga á magntölum, viðbótarverkefna sem semja þarf um vegna framgangs verkefnisins og þá geta fjárhæðir breyst vegna verðbreytinga samkvæmt vísitölu. Nákvæm greining á einstaka verkefnum liggur ekki fyrir en unnið er að gerð samanburðar á raunkostnaði og áætluðum kostnaði vegna stærstu verkefna á árinu 2015.

Reikningar vegna framkvæmda eru í flestum tilvikum samþykktir af bæjarverkfræðing eða eftir atvikum öðrum starfsmönnum sem hafa fengið til þess sérstakar heimildir. Í þeim tilvikum sem eftirlitsmenn eru ráðnir að verkefninu eru reikningar yfirfarnir af þeim.

Spurning:

Varðandi fyrirspurn okkar varðandi vöru og þjónustukaup við aðila (og tengda aðila) sem nema hærri fjárhæð en 10 milljónum á ársgrundvelli er óskað er eftir upplýsingum um hvort og þá í hvaða tilvikum um frávík eru að ræða við innkaupareglur Garðabæjar.

Svar:

Í 5. gr. innkaupareglna Garðabæjar kemur fram hvaða aðferðir skulu notaðar við innkaup á vegum Garðabæjar.

Í þeim tilvikum sem vitað er fyrirfram að um sé að ræða innkaup umfram viðmiðunarfjárhæðir samkvæmt 7. gr. innkaupareglanna ber að fara fram útboð. Viðmiðunarfjárhæðir eru uppfærðar í upphafi hvers ár og nema nú.

Verklegar framkvæmdir	kr. 38.041.543
Þjónustukaup	kr. 19.022.772
Vörukaup	kr. 12.680.514

Í öllum megintilvikum fer fram útboð þegar fyrirfram liggur fyrir að kostnaður við framkvæmdir eða einstök verkefni nemur hærri hærri fjárhæðum en ofangreindum viðmiðunarfjárhæðum.

Í öðrum tilvikum fara innkaup fram með þeim hætti að fram fer verðkönnun samkvæmt fyrirspurn sbr. 17. gr. innkaupareglna eða bein viðskipti án útboðs eða fyrirspurnar. Í slíkum tilvikum fer oft fram óformleg verðkönnun áður en til viðskipta er stofnað.

Í þeim tilvikum sem viðskipti við einstaka aðila eru umfram, viðmiðunarfjárhæðir samkvæmt 7. gr. og 17. gr. innkaupareglna þarf ekki að vera frávík frá reglunum þar sem um getur verið að ræða uppsöfnun vegna tilfallandi viðskipta. Í slíkum tilvikum er samt eðlilegt að fram fari skoðun eða eftir atvikum sérstök greining á viðskiptum m.t.t. til hvort haga eigi innkaupum með öðrum hætti.

Má í því sambandi benda á að á fundi bæjarráðs Garðabæjar sem haldinn var 15. mars sl. kynnti bæjarverkfræðingur hugmyndir að gerð stefnu um innkaup á þjónustu á vegum þjónustumiðstöðvar og

eignasjóðs. Fram kom að í undirbúningi er kanna nánar frekari útboð og gerð rammasamninga til 2-3 ára um þjónustukaup á sviði viðhaldsþjónustu, tækjaleigu o.fl.

Í rekstrarúttekt sem framkvæmd var á vegum KPMG á síðasta ári kemur fram það álit að kostnaðarvitund stjórnenda Garðabæjar er almennt góð og rekstrarkostnaður Garðabæjar per íbúa undir meðaltali samanburðarsveitarfélaga.

Spurning:

Einnig er óskað eftir yfirliti yfir þróun heildarútgjalda við leikskóla sbr. lagt var fram í bæjarráði 17.2.2015 þar sem heildarútgjöldum fyrir 2014 og 2015 hefur verið bætt við.

Svar:

Verður sent bæjarfulltrúum þegar það liggur fyrir fullgert.